

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 þriðjudaginn 25. apríl 2023, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Guðmundur Þór Birgisson, Hilda Jana Gísladóttir, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Örn Arnarson og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður. Tómas Árdal varamaður og Steinunn Heba Finnsdóttir boðuðu forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson verkefnastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

## Dagskrá:

### 1. Helstu verkefni

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni MN þessa dagana.

- Styrkur fékkst úr C1 hluta í Byggðaáætlun fyrir verkefnið „Straumhvörf“ – í samstarfi við Austurbú. Verkefnið snýst um vöruþróun í ferðaþjónustu og var stofnað til þess í tengslum við áformuð flug Condor frá Frankfurt til AEY og EGS.
- MN fékk styrk frá SSNE til tveggja ára í sjálfbærni-verkefninu sem MN fór af stað með á síðasta ári. MN hyggst sækja einnig til SSNV um styrk til að framkvæma næsta áfanga í verkefninu.
- Styrkur fékkst einnig frá NATA fyrir ferð með ferðaþjónustufyrirtækjum til Færeyja í tengslum við matarferðaþjónustu.
- Umræða um skemmtiferðaskip heldur áfram og mögulegar útfærslur á þeim hluta ferðaþjónustu til framtíðar.
- MN átti fund með nýjum Ferðamálastjóra, þar sem meðal annars var rætt um endurnýjun samninga Ferðamálastofu og MN. Ekki verið að leggja til miklar breytingar, en mikilvægt að ná samningum aftur til amk. þriggja ára.
- Starfsmenn MN eru að vinna að undirbúningi að Iceland Travel Tech, skv. samningi þar um við Ferðamálastofu. MN fær greitt fyrir sitt framlag að verkefninu.
- Ný yfirstaðinn er sameiginlegur fundur allra starfsmanna markaðsstofa landshlutanna, en slíkir fundir eru haldnir tvisvar á ári. Fundurinn heppnaðist vel og stefnt er að halda næsta fund á Norðurlandi seint í haust.
- MN mun taka þátt í viðburði í Amsterdam í byrjun júní á vegum sendiráði Íslands í Brussel.
- MN mun taka þátt í atvinnulífssýningu á Sauðárkróki 20.-21. maí.
- MN fagnar 20 ára afmæli þann 1. júlí 2023. Hugmynd er uppi um að halda afmælis uppskeruhátíð næsta haust.
- Hjalti greindi frá stöðu í flugmálum í ljósi fréttu um að Condor hefur frestað sínum áformum um flug frá Frankfurt og að Niceair hefur stöðvað starfsemi – amk. tímabundið. Stjórnarmenn

sammála um miklvægi þess að standa vörð um flugverkefnið, því þrátt fyrir áföll er meira flug um Akureyrarflugvöll nú en nokkru sinni fyrr.

Tómas mætti á fundinn kl. 10:30

- Framkvæmdastjóri er þessa dagana að ferðast um svæðið og hitta sveitarstjóra um allt Norðurland.

## 2. Fjármál

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning MN fyrir síðasta ár.

Umræður um ársreikning og fjárhagsstöðu MN. *Ársreikningurinn samþykktur með fyrirvara um endurskoðun.*

## 3. Undirbúningur aðalfundar

Aðalfundurinn verður haldinn á Laugarbakka þann 16. maí n.k. Stefnt að því að halda hefðbundinn fund ásamt fróðlegum og áhugaverðum erindum.

Viggó og Guðmundur eru að klára sitt kjörtímabil. Heba er einnig að ljúka sinni setu í stjórn og því þarf að kjósa um sæti þeirra þriggja á aðalfundinum.

Örn og Sigrún eiga eftir ár af sínu kjörtímabili og munu sitja áfram í stjórn. Jafnframt eru fulltrúar SSNE og SSNV kjörnir til áframhaldandi setu í stjórn.

Umræður um undirbúning og útfærslu fundarins.

## 4. Önnur mál

Umræða um ástand búnaðar og upplifun gesta í Hlíðarfjalli og á skíðasvæðum á Norðurlandi almennt. Stjórn var sammála um mikilvægi skíðasvæðanna fyrir áfangastaðinn Norðurland, og að fjárfesting í rekstri þeirra skilaði sér til baka í auknum fjölda gesta og tækifærum til framtíðar. Stjórn hvatti til frekara samtals milli sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila til að skapa sameiginlega sýn til framtíðar.

Umræða um bókunarstöðu á gistirými fyrir komandi sumar. Almennt virðist vera mjög vel bókað, en þó ekki alveg fullt alls staðar. Engu að síður ljóst að eftirspurn er víða orðin meiri en framboð yfir háannatímam um mitt sumar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:45

Fundarritari HPP